Að þreyja Góuna.

Eftir Gunnar Baldvinsson: "Það hlýtur að stafa af misskilningi eða þekkingarleysi að telja að lífeyrissjóðir geti ráðstafað fjármunum sjóðfélaga í annað en að greiða lífeyri"

Góan er framundan en hún er fimmti og næstsíðasti mánuður vetrar samkvæmt gömlu íslensku tímatali. Góan tekur við af þorranum og hefst á sunnudegi á bilinu 18.-24. febrúar og stendur þar til einmánuður tekur við. Þorrinn og góan þóttu erfiðastir vetrarmánaða þar sem oft var farið að ganga á matarbirgðirnar. Á fyrri tímum var stundum talað um „að þreyja þorrann og góuna“ í merkingunni að lifa af þeim birgðum sem hafði verið safnað fyrir veturinn.

Líkja má lífeyrismálum við búskap fyrri alda. Nútímafólk leggur fyrir á starfsævinni og byggir upp eftirlaunasjóð og lífeyrisréttindi til að lifa af þegar vinnu lýkur og eftirlaunaárin taka við. Stærsti hluti eftirlauna landsmanna er ellilífeyrir lífeyrissjóða sem er oftast greiddur frá 67 ára aldri til æviloka.

Nýlega hafa birst greinar og auglýsingar í dagblöðum þar sem lífeyrissjóðirnir eru gagnrýndir fyrir að nota ekki eignir sínar í annað en að greiða lífeyri. Þar er því haldið fram að nota mætti eignir sjóðanna m.a. til að byggja hjúkrunarheimili fyrir aldraða og sjúka. Ætla verður að þessi skoðun sé byggð á misskilningi eða þekkingarleysi á lögum og tilgangi lífeyrissjóða.

Það er vissulega rétt að lífeyrissjóðir eiga miklar eignir eða digra sjóði eins og það er orðað. Hins vegar virðist það hafa gleymst að lífeyrissjóðirnir hafa skyldum að gegna og á bak við eignirnar eru skuldbindingar. Hlutverk lífeyrissjóða er að greiða eftirlaun til æviloka þegar starfsævi lýkur, greiða örorkulífeyri ef einstaklingar verða óvinnufærir vegna örorku og styðja maka og börn við fráfall sjóðfélaga.

Sjóðfélagar greiða iðgjöld til sjóðanna, sem samanstanda af framlagi launþega og mótframlagi launagreiðenda. Fyrir iðgjöldin eignast þeir réttindi en lífeyrissjóðirnir leggja fjármunina til hliðar til að greiða sjóðfélögum eða aðstandendum þeirra lífeyri síðar. Sjóðirnir hafa ekki heimild til að ráðstafa iðgjöldunum í neitt annað.

Bændur og búalið fyrri tíma hefðu ekki lifað af þorrann og góuna ef þeir hefðu nýtt sumarhýruna í annað en að birgja sig fyrir veturinn. Sömu gildi eiga við um lífeyrissparnað. Sem betur fer liggur það fyrir flestum okkar að eldast og fara á eftirlaun einhvern tíma í framtíðinni. Þá verður gott að eiga rétt á eftirlaunum sem endast ævina alla og gildir þá einu hvort við lifum lengi eða stutt.

Höfundur er formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.